

Minnisblað v/málsnr.: 2302006

Efni: Félagslegar íbúðir í eigu Dalabyggðar

Dalabyggð á eftirtaldar íbúðir/fasteignir sem eru skilgreindar sem félagslegar íbúðir:

Sunnubraut 1a, Stekkjarhvammur 5 og Stekkjarhvammur 7.

Gunnarsbraut 11a og 11b er skráðar í eigu Silfurtúns og eru þ.a.l. ekki skilgreindar sem félagslegar íbúðir.

Sunnubraut 1a er laus núna og skortir töluvert viðhald, hinar tvær íbúðirnar/einbýlishús eru í útleigu til aðila sem ekki falla undir skilgreiningar þær sem stuðst er við varðandi félagslegar íbúðir.

Rætt hefur verið um að færa íbúðir við Gunnarsbraut undan Silfurtúni og yfir í félagslegar íbúðir og einnig hefur verið rætt um að færa húsin í Stekkjarhvammi út úr félagslega kerfinu, endurskoðendur Dalabyggðar hafa skoðað þær hugmyndir og gera ekki athugasemdir, nema síður sé.

Í reglum Dalabyggðar um félagslegar íbúðir, https://dalir.is/Files/Skra_0054964.pdf, segir m.a.;

2. gr.

Einstaklingar sem búa við erfiðar aðstæður og þurfa aðstoð til að búa í öruggu húsnæði, en hafa ekki möguleika á að kaupa sitt eigið húsnæði hafa forgang að leigu húsnæðis sem fjármagnað hefur verið samkvæmt VIII. kafla laga nr. 44/1998 sbr. reglugerð nr. 873/2001.

Reglur þessar eru m.a. settar til að ákvarða forgangsröðun, ef eftirspurn eftir leiguíbúðum verður meiri en hægt er að anna.

Sé ekki eftirspurn eftir íbúðum skv. 1. mgr. þessarar greinar getur Dalabyggð leigt íbúðirnar öðrum þrátt fyrir að viðkomandi uppfylli ekki forgangsröðun.

Með tilkomu húsnæðisfélaga sem skilgreind eru sem húsnæðissjálfsseignarstofnanir, líkt og Bakkahvammur hses. og Brák hses., þá hefur þörf fyrir félagslegar íbúðir á vegum sveitarfélaga breyst mikið. Í Búðardal eru nú þegar komnar íbúðir í þessu rekstrarformi og von er á fleirum inn á leigumarkaðinn á næstu misserum. Í því ljósi má velta fyrir sér þeirri spurningu hvort Dalabyggð ætti að velta fyrir sér að selja íbúð eða íbúðir út úr eignasafni sínu eða þá að færa þær til innan eignasafnsins í því ljósi að ekki er um sérstakar reglur að ræða varðandi það hvað hverju sveitarfélagi beri að bjóða upp á hvað varðar félagslegar íbúðir í eigin eigu.